

## Byltingarárin 1945–1970

### Gatan í rigningu

*eftir Ástu Sigurðardóttur*

1. Lestu smásögu Ástu Sigurðardóttur, *Gatan í rigningu*, og svaraðu síðan eftirfarandi spurningum:
2. Frásagnaraðferð eða sjónarhorn sögunnar er fyrsta persónu frásögn þar sem höfundur takmarkar vitnesku sína við sögumanninn „ég“. Hverjir eru kostir og gallar slíks sjónarhorns?
3. Saga Ástu er sérstaklega myndræn og sama máli gegnir um málið á henni. Gerðu þessari fullyrðingu skil með því að svara eftirfarandi spurningum:
  - a. Upphaf sögunnar, fyrstu fimm línurnar, eru afar ljóðrænar. Finndu fleiri dæmi um ljóðrænan stíl í sögunni.
  - b. Orð til að tákna liti í sögunni eru mörg sérstök. Finndu nokkur.
  - c. Sama máli gegnir um orðanotkun. Skrifðu nokkrar setningar sem sýna þetta.
  - d. Sýndu dæmi um myndmál í sögunni, bæði beinar myndir og líkingamál.
  - e. Finndu dæmi um stílbrögð, önnur en myndmál.
  - f. *Guð vill að ég sé honum sólskinsbarn . . .* myndar leiðarstef í sögunni. Hvers vegna haldið þið?
4. Viðfangsefni Ástu Sigurðardóttur ollu hneykslun margra. Hver eru viðfangsefni eða minni þessarar sögu hennar sem vega að sómatilfinningu manna?
5. Túlkun: Hvað gæti höfundur verið að segja með sögu sinni?